

Bókun bæjarfulltrúa Framsóknar og frjálsra við framlagningu fjárhagsáætlunar 2026–2029

Nú er að ljúka vinnu við fjórðu og jafnframt síðustu fjárhagsáætlun núverandi bæjarstjórnar. Þegar kjörtímabilið hófst kölluðu bæjarfulltrúar Framsóknar og Frjálsra eftir því að vinna við fjárhagslega markmiðasetningu, sem hófst á kjörtímabilinu á undan, yrði haldið áfram og henni fylgt eftir. Við höfum verið óþreytandi við að halda því máli á lofti og ítrekuðum það m.a. í bókunum við fjárhagsáætlanir 2022 og 2023, sem og ítrekað í umræðum um fjármál sveitarfélagsins.

Forsenda þess að þau umfangsmiklu uppbyggingarverkefni sem unnin hafa verið á undanförunum árum – svo sem endurbætur á Brekkubæjarskóla, bygging nýs Garðasels, stækkun og uppbygging við Grundaskóla, nýtt íþróttahús við Jaðarsbakka og reiðhöll í Æðarodda – gætu farið fram á ábyrgan hátt, var að fylgt yrði skýrum og sameiginlega mótuðum fjárhagslegm markmiðum.

Því voru það ákveðin vonbrigði þegar ljóst var að ekki yrði horft til þeirra fjárhagslegu markmiða, sem samþykkt voru í bæjarstjórn í mars 2025 og áttu að vera leiðarljós við vinnu fjárhagsáætlunar 2026-2029.

Við minnum sérstaklega á eftirfarandi samþykkt markmið:

- **Framlegðarhlutfall rekstrar 7,5%** – en áætlanir gera ráð fyrir að það náist ekki á tímabilinu og verði hæst 4,9% árið 2029.
- **Veltufé frá rekstri 11,5%** – markmið sem ekki næst á spátímanum.
- **Launahlutfall innan 60%** – útkomuspá 2025 gerir ráð fyrir 57,6% en hæst fer hlutfallið í 60% við lok tímabils, eða 2029.
- **Skuldaviðmið til lengri tíma innan 80%** – markmið sem við erum undir og það er mjög jákvætt, enda gerir áætlunin ráð fyrir áframhaldandi lækkun skulda.

En að jákvæðu hliðinni í þessari endanlegu útgáfu fjárhagsáætlunarinnar og störfum núverandi bæjarstjórnar.

Það er augljóst að tekið hefur verið tillit til þeirra sjónarmiða sem við lögðum fram við fyrri umræðu, og það metum við mikils. Það er mikilvægt að vinna byggja á trausti og gagnkvæmu samtali. Þannig náum við fram bestu niðurstöðunum fyrir bæinn okkar.

Við viljum einnig leggja sérstaka áherslu á að nú stendur yfir samþykkt nýs skipurits sveitarfélagsins. Sú vinna hefur tekið sinn tíma og er á lokametrinum sem er bæði mikilvægt og tímabært. Það er brýnt að henni verði að fullu lokið áður en kjörtímabilinu lýkur, þannig að ný bæjarstjórn taki við skýrum ramma, skilgreindum verkferlum og skýrri stjórnskipan.

Slíkt skapar stöðugleika, minnkar óvissu og gerir nýrri bæjarstjórn kleift að hefja störf af krafti og með sameiginlega sýn.

Við fögnum því að jákvætt hafi verið tekið í þau sjónarmið sem við reifuðum við fyrri umræðu og þökkum fyrir vinnuna sem fór fram á milli umræðna. Við væntum þess að áfram verði unnið að þei tillögum og breytingum sem við höfum lagt fram.

Það er gott að sjá að traust ríki milli aðila hér í bæjarstjórn sem og einnig starfsfólks bæjarskrifstofu og við viljum þakka sérstaklega fyrir að tekið hefur verið mark á ábendingum okkar.

Slíkt er ekki sjálfsagt og sýnir að fagmennska og sátt er möguleg, þó að flokkarnir hafi ólíkar áherslur.

Að lokum viljum við leggja áherslu á:

- að fjárhagsstaða sveitarfélagsins verði áfram styrkt,
- að innleiðingu skipurits verði fylgt eftir af fullri ábyrgð,
- að samráð við starfsfólk verði haft að leiðarljósi,
- og að ný bæjarstjórn taki við verkefnum þar sem gögn, forgangsöröðun og rammaáætlanir liggja skýrt fyrir.

Fjárhagsáætlunin sem hér er lögð fram er mikilvægur áfangi og þó verkefnin séu mörg og áskoranir fyrir hendi, þá er framtíð Akraness björt ef við höldum áfram að vinna saman af heilindum og virðingu.

Við leggjum því áherslu á að samþykkt fjárhagsáætlun verði notuð sem vettvangur fyrir áframhaldandi uppbyggingu, stöðugleika og sameiginlega sýn - í þágu íbúa, starfsfólks og samfélagsins í heild.

Undir þessa bókun rita:

Bæjarfulltrúar Framsóknar og Frjálsra

Ragnar B. Sæmundsson sign

Liv Áse Skarstad sign

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir sign

